

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftfrymis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁶⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1265/2007 frá 26. október 2007 um kröfur um aðskilnað talrása milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftfryminu ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„66we. **32007 R 1265:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1265/2007 frá 26. október 2007 um kröfur um aðskilnað talrása milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftfryminu (Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 25).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 25.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1265/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.